

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Ásabyggð.*
Skipulagssvæðið er 13,3 ha og á svæðinu er gert ráð fyrir 45 frístundahúsum á 39 lóðum.
Samþykkt í sveitarstjórn 25. júní 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi Tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir þjónustuhús/snyrtingu færist til, annar stækkar auk þess sem skilmálar annarra byggingarreita fyrir þjónustuhús rýmka.
Samþykkt í sveitarstjórn 11. febrúar 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. október 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.